



SKÓLABÚÐIRNAR Á ÚLFLJÓTSVATNI

*Upplýsingar fyrir
kennara*

SKÓLAÁRIÐ
2025-2026



Velkomin á Úlfjótssvati!

Öllum grunnskólum á landinu stendur til boða að senda nemendur sína í skólabúðir á Úlfjótssvati.

Fyrirkomulag skólabúðanna er á þann veg að ein til tvær bekkjardeildir eru á staðnum í einu með bekkjarkennurum. Starfsfólk skólabúða sér um ýmsa dagskrárliði í samvinnu við kennara.

Fullkomið mötuneyti er á staðnum og fá allir þátttakendur skólabúða fullt fæði á meðan á dvöl stendur

Dagskráin

Við gerð dagskrár skólabúðanna eru grunnstoðir nýrrar aðalnámskrár hafðar til hliðsjónar. Dagskráin miðast nær öll við útiveru og að nýta það frábæra umhverfi sem staðurinn býður upp á. Það er því mikilvægt að nemendur, kennarar og aðstoðarfólk sé vel útbúið og hafi meðferðis hlífðarfatnað, vatns- og vindpolinn, svo og föt til skiptanna.

Markmið skólabúðanna eru að:

- Efla samskiptafærni, sjálfsmynd og virðingu þátttakenda
- Efla útilífsiðkun og náttúruvitund þátttakenda
- Þjóða þátttakendum sem eiga erfitt uppdráttar í hefðbundnu skólaumhverfi tækifæri til að njóta sín í nýju umhverfi og uppgötva áður óþekkta styrkleika sína
- auðvelda skólum að bjóða námstækifæri í óformlegu námi og útinámi, og styðja við fjölbreytt markmið Aðalnámskrár

Meðal starfsmanna skólabúðanna eru reyndir skátar, útivistarfólk, björgunarsveitarfólk og frístundastarfsfólk. Úlfljótsvatn er alþjóðleg skátamiðstöð og þar starfa einnig erlendir skátar sem sjálfbóðaliðar.

Starfsfólk skólabúðanna sér um dagskrá frá morgunmat og fram yfir kvöldmat. Óski kennarar eftir því að nýta tímann fyrir eða eftir kvöldmat í eitthvað sem hópurinn eða kennarar skipuleggja sjálfir, er sjálfsagt að verða við því.

Hér má sjá dagskrá fyrir hverja dvöl. Athugið að einstaka dagskrárliðir geta færst til í dagskránni.

26,500 kr.

2 daga skólabúðir

Kl.	Dagur 1	Dagur 2
09:00	Morgunmatur	
10:00	Koma	Hópefli
11:00	Jökulleikar	
12:00	Hádegismatur	
12:30	Frjálst	Brottför
13:30	Klifur/ bogfimi	
15:30	Kaka	
16:30	Skógarganga	
18:30	Kvöldmatur	
19:00	Frjálst	
20:00	Útiöldun	
21:30	Kvöldkaffi	

31,500 kr.

3 daga skólabúðir

Kl.	Dagur 1	Dagur 2	Dagur 3	
09:00	Morgunmatur		Morgunmatur	
10:00	Koma	Orkusýning	Amazing Race	
11:00	Jökulleikar			
12:00	Hádegismatur			
12:30	Frjálst		Brottför	
13:30	Klifur/bogfimi	Skógarganga		
15:30	Kaka			
16:30	Hópefli	Úllaleikar		
18:30	Kvöldmatur			
19:00	Frjálst			
20:00	Capture the flag	Útiöldun		
21:30	Kvöldkaffi	Kvöldkaffi		

Dagskráin

28,900 kr.

3 daga skólabúðir frá miðvikudegi

Kl.	Dagur 1	Dagur 2	Dagur 3
09:00	Morgunmatur		Morgunmatur
10:00		Klifur/bogfimi	Orkusýning
11:00			
12:00		Hádegismatur	
12:30	Frjálst		Brottför
13:30		Skógarganga	
15:30	Kaka		
16:30	Koma Jökulleikar	Úllaleikar	
18:30	Kvöldmatur		
19:00	Frjálst		
20:00	Capture the flag	Útiöldun	
21:30	Kvöldkaffi	Kvöldkaffi	

42,900 kr.

5 daga skólabúðir

Kl.	Dagur 1	Dagur 2	Dagur 3	Dagur 4	Dagur 5	
09:00	Morgunmatur					
10:00	Koma	Útiöldun	Ganga	Orkusýning	Endurmat	
11:00	Markmiðaset- ning					
12:00	Hádegismatur			Hádegismatur		
12:30	Frjálst			Frjálst	Brottför	
13:30	Hópefli	Klifur/bogfimi				
15:30	Kaka			Kaka		
16:30	Skógarganga	Rötun	Listasmiðja	Undirbúningur fyrir kvöldvöku		
18:30	Kvöldmatur					
19:00	Frjálst					
20:00	Capture the flag		Amazing Race	Kvöldvaka		
21:30	Kvöldkaffi					

Minnislisti kennara

Áður en komið er

- Fara yfir útbúnaðarlistann með nemendum. Leggja áherslu á að útiföt eru nauðsynleg, ekki val.
- Vera búinn að ákveða hvernig nemendum og starfsfólki verður skipt í herbergi áður en lagt er af stað.
- Staðfesta fjölda nemenda og fullorðina við starfsfólk skólabúða, a.m.k. viku fyrir komu.
- Láta starfsfólk skólabúða vita a.m.k. viku fyrir komu ef huga þarf sérstaklega að t.d. aðgengismálum eða öðru sem kallar á aðlögun dagskrár.
- Huga sérstaklega að nemendum sem vitað er að haldnir eru óþoli, ofnæmi eða öðrum kvillum, taka lyf reglulega eða þurfa sérstakt mataræði, t.d. vegna sykursýki eða ofnæmis. Tilkynna starfsfólki skólabúða um ofnæmi og óþol a.m.k. viku fyrir komu.
- Ákveða hvort þú vilt leyfa nemendum að hafa síma meðferðis, og þá hvaða reglur gilda um notkun þeirra.

Á meðan á dvöl stendur

- Starfsfólk skólabúða sér um dagskrá og miðlun upplýsinga.
- Kennarar sjá um að nemendur mæti stundvíslega í dagskrá og matartíma, og séu rétt útbúnir.
- Kennarar hafa eftirlit með líðan nemenda. Þess vegna er mjög mikilvægt að a.m.k. einn kennari sé alltaf að fylgjast með hópnum þegar hann er í dagskrá.
- Nemendur eru alfarið á ábyrgð skólans á meðan á dvöl í skólabúðum stendur.

Aðstaða

Þátttakendur skólabúða gista í 4-8 manna herbergjum í JB-skála og DSÚ-skála á aðalsvæði Útilífsmiðstöðvarinnar á Úlfjótssvatni. Öll herbergi eru með kojum.


Athugið að einungis er um 62-64 svefnpláss að ræða, samanlagt fyrir kennara og nemendur.

Kennarar raða niður í herbergi og skála. Hægt er að styðjast við meðfylgjandi mynd varðandi staðsetningu og rúmafjölda herbergja.

Dagskrá skólabúðanna fer að mestu leiti fram utandyra. Á frívöktum geta kennarar notað setustofuna í JB, en eru líka velkomnir í setustofuna í Norðursal, þar sem starfsfólk Úlfjótssvatns er með sína aðstöðu.



Aðstaða



Jónasar-skáli (JB) - efri hæð 28-30 í kojum

